



Ályktun um húsnæðismál

Fimmta reglulega þing Starfsgreinasambands Ísland, haldið í Reykjavík 14. – 15. október 2015, krefst þess að stjórnvöld standi við gefin loforð um úrbætur í húsnæðismálum og fylgi eftir yfirlýsingum sínum þess efnis með framkvæmdum og fjármagni. Brýnasta verkefni stjórnvalda nú um stundir er að tryggja tekjulægri heimilum viðunandi úrræði í húsnæðismálum.

Starfsgreinasambandið stendur nú sem fyrr vaktina og fylgir fast eftir kröfunni um að öllum landsmönnum verði tryggð sú grundvallar velferð að búa í öruggu og góðu húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Fjöldi fólks er í brýnum húsnæðisvanda, býr við viðvarandi óöryggi í húsnæðismálum og greiðir allt of stóran hluta tekna sinna til öflunar húsnæðis. Ungt fólk og tekjulágar fjölskyldur hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði eða burði til að greiða háa húsaleigu á almennum leigumarkaði. Þá stendur þeim ekki til boða aðgengi að félagslegu húsnæðiskerfi sveitarfélaganna.

Starfsgreinasambandið leggur áherslu á:

- Að byggt verði upp félagslegt leiguíbúðakerfi þar sem tekjulág heimili geta leigt gott húsnæði á viðráðanlegu verði til lengri tíma og hafi tækifæri til að færa sig til þegar fjölskylduaðstæður breytast. Uppbyggingin verði sem víðast þar sem þörf er á félagslegum húsnæðislausnum.
- Stuðningur við leigjendur verði aukinn og réttarstaða þeirra tryggð. Mikilvægur liður í því er að Alþingi samþykki nú þegar fyrirbyggjandi frumvarp um nýtt kerfi húsnæðisbóta.
- Fjármögnun íbúðarhúsnæðis er of dýr og áhættusöm, ekki síst fyrir lágtekjufólk. Koma þarf á nýju húsnæðislánakerfi sem tryggir lægri vexti og skiptir áhættu milli lántaka og lánveitenda með réttlátari hætti en nú er.
- Stjórnvöld hraði vinnu við endurskoðun á byggingareglugerð svo mögulegt verði að byggja gott en hagkvæmara íbúðahúsnæði.
- Auðvelda þarf fólki að eignast sitt fyrsta húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Endurskoða þarf reglur um greiðslumat og koma á húsnæðissparnaðarkerfi með skattaafslætti sem gerir fólki kleift að safna fyrir útborgun.

Starfsgreinasamband Íslands lýsir yfir fullum vilja til að leggja sitt af mörkum með stjórnvöldum og hlutaðeigandi aðilum við að hrinda í framkvæmd þessum brýnu úrbótum í húsnæðismálum.